

**Faxaflóahafnir sf.
annars vegar
og
EFLING
hins vegar
gera með sér svofellt
SAMKOMULAG
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

**1. gr.
Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.
Launahækkanir**

- 1.5. 2015: Laun hækka um 25.000 kr. eða að lágmarki um 7,7%, sbr. meðfylgjandi launatöflu.
- 1.6. 2016: Hækkun launatöflu um 6,0%.
- 1.6. 2017: Ný launatafla sem byggir á álagsþrepum í stað aldursþrepa. Við innröðum skal hverjum starfsmanni tryggð 4,5% hækkun. Ný launatafla skal liggja fyrir staðfest af báðum aðilum fyrir 1. maí 2017.
- 1.6. 2018: Hækkun launatöflu um 3,0%.
- 1.2. 2019: Sérstök eingreiðsla, kr. 49.000., greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf og sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember.

4. gr.

Grein 1.2 fellur niður frá og með 1. júní 2017 er meðfylgjandi launatafla tekur gildi.

Grein 1.3.3.2 breytist sem hér segir og verður eftirfarandi frá 1. júní 2017:

Prep vegna starfsþróunar samkvæmt starfsþróunaráætlun stofnunar. Gert er ráð fyrir að Faxaflóahafnir sf. setji fram starfsþróunaráætlun fyrir alla starfsmenn í starfsáætlun sinni í starfsmannamálum til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna í samræmi við starfsmannastefnu Faxaflóahafna sf. Starfsmaður, sem tekur virkan þátt í starfsþróunaráætlun, á rétt á hærri launum en ella. Forsenda hækkunar þessarar er staðfest þátttaka starfsmanns í starfsþróunaráætlun Faxaflóahafna sf.. Þessi laun geta breyst.

Prep samkvæmt ofangreindu geta verið alls sex skv. eftirfarandi:
Eftir 1 ár í starfi Faxaflóahöfnum röðun einu þrepi ofar en ella.
Eftir 3 ár í starfi hjá Faxaflóahöfnum röðun einu þrepi ofar en ella.

Eftir 5 ár í starfi hjá Faxaflóahöfnum röðun einu þrepi ofar en ella.
Eftir 7 ár í starfi hjá Faxaflóahöfnum röðun einu þrepi ofar en ella.
Eftir 9 ár í starfi hjá Faxaflóahöfnum röðun einu þrepi ofar en ella.
Eftir 12 ár í starfi hjá Faxaflóahöfnum röðun einu þrepi ofar en ella.

Frá og með 1. júní 2017 fá starfsmenn þrep í stað launaflokka vegna starfsþróunar hjá Faxaflóahöfnum sf. skv. grein 1.3.3.2 fyrir þann ávinning. Við framkvæmd þessarar breytingar munu áunnir starfsþróunarflokkar falla niður og þrep koma í staðinn.

Starfstími hlutavinnustarfsmanna á mánaðarkaupi skv. kjarasamningum skal metinn til jafns við starfsmenn í fullu starfi.

Starfsmaður fær starfsaldur hjá öðrum vinnuveitanda metinn frá og með næstu mánaðarmótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn um starfstíma sinn.

Hafi starfsmaður fengið þrep vegna virkrar þátttöku í starfsþróunaráætlun Faxaflóahafna sf. en sinnir ekki lengur þeirri skyldu án lögmætra forfalla missir hann það/pau þrep er hann hefur fengið. Áður en til þess getur komið ber yfirmanni að greina starfsmanni frá að hann muni missa þennan rétt ef hann bæti ekki virkni sína skv. starfsþróunaráætlun og ber að útskýra fyrir starfsmanni hvernig hann getur bætt sig. Starfsmaður getur óskað eftir að trúnaðarmaður sé viðstaddur slíkt samtal. Heimilt að útfæra starfsþróunaráætlun í samræmi við fagviðurkenningu og styttra starfsnám á framhaldsskólastigi.

5. gr.

Ný grein bætist við, gr. 1.3.3.4

Almennir starfsmenn Faxaflóahafna sf. sem eru félagsmenn í Eflingu og ljúka viðurkenndu starfsnámi raðast tveimur flokkum ofar en ella.

6. gr.

Grein 2.6.2 breytist og verður sem hér segir:

Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum skal leggja fram drög að vaktskrá 6 vikum áður en hún tekur gildi. Við gerð vaktskrár skal kappkostað að uppsöfnun vinnutíma sé takmörkuð eins og frekast er unnt. Starfsmenn fá í framhaldinu einnar viku svigrúm til að gera athugasemdir og óska eftir breytingum á fyrirbyggjandi drögum að vaktskrá. Endanleg vaktskrá skal svo lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt skv. skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst. skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24–168 klst. (ein vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

7. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015	85.600 kr.
Á árinu 2016	90.700 kr.
Á árinu 2017	94.300 kr.
Á árinu 2018	97.100 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2016	44.500 kr.
Á árinu 2017	46.500 kr.
Á árinu 2018	48.000 kr.

8. gr.

Greiðslur í orlofsheimilaskjóð

Í grein 11.4.2. er gert ráð fyrir 0,3% í orlofsheimilaskjóð. Í stað þess að hækka það framlag í 0,5% er samkomulag um að 0,2% af heildarlaunum starfsmannsins frá 1. janúar 2016 komi til hækkunar á orlofsuppbót.

9. gr.

Samningsforsendur og atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp á lögformlegan hátt til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 12:00 þann 11. desember 2015 skoðast hann samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá Faxaflóahöfnum sf.


Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningnum skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart þessum samningi.

Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.


Ef ný forsenduákvæði verða tekin upp sbr. lið 2, c og d, í rammasamkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins þá munu þau forsenduákvæði koma í stað framangreindra ákvæða.

Reykjavík, 26. nóvember 2015

F.h. Faxaflóahafna sf.
með fyrirvara um samþykki stjórnar



F.h. Eflingar
með fyrirvara um samþykki félagsmanna



Bókanir með samkomulagi
Faxaflóahafna sf.
og
Eflingar
26. nóvember 2015

Bókun 1

Samningsaðilar eru sammála um að fylgjast með samstarfi þeirra aðila sem undirrituðu þann 24. október 2000, samkomulag um tiltekin réttindi starfsmanna, þar á meðal vegna veikinda og slysa. Sama á við um nefnd Reykjavíkurborgar og Eflingar, sem falið verður að endurskoða í heild kafla 14 í kjarasamningi aðila þar sem horft verður m.a. til eftirfarandi atriða:

- Endurskoðun á framkvæmd talningar veikindadaga.
- Að brugðist sé við veikindum á vinnustöðum með samræmdum og fyrirsjáanlegum hætti.
- Að tryggja að starfsmaður geti komið til starfa/aðlögunar á vinnustað eftir langtíma veikindi.
- Að tryggja rétt starfsmanns sem er í ráðningarsambandi og í starfsendurhæfingu hjá Virk til að snúa aftur til starfa.
- Skoða samband iðgjalds í fjölskyldu- og styrktarsjóð og lengdar veikindaréttar.

Stefnt mun vera að því að tillögur liggi fyrir eigi síðar en 31. desember 2016.

Bókun 2

Samningsaðilar eru sammála um að vinna sameiginlega að útgáfu heildartexta nýs kjarasamnings. Þeirri vinnu skal lokið fyrir 1. október 2016.

Bókun 3

Aðilar munu taka mið af endurskoðun reglna nr. 1/90 og 2/90, sem samþykktar voru á fundi borgarráðs Reykjavíkur 5. júní 1990, um skilmála slysatryggingar starfsmanna Reykjavíkurborgar skv. kjarasamningum samkvæmt l. nr. 94/1986 vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi og í frítíma, fyrir 30. júní 2016.

Markmiðið með endurskoðun reglnanna er að uppfæra þær með hliðsjón af breyttu laga- og vátryggingaumhverfi en reglurnar eru komnar nokkuð til ára sinna. Jafnframt er markmiðið með endurskoðun reglnanna að skýra hugtök og ýmis önnur atriði sem talin hafa verið óljós eða til þess fallin að valda misskilningi.

Veigamesta breytingin sem lögð er til við endurskoðun reglnanna er sú að ekki munu lengur greiðast bætur úr tryggingunni vegna hefðbundinnar læknisfræðilegrar varanlegrar örorku ef bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ökutækjetryggingu, þ.e. hvort heldur úr ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987 með síðari breytingum. Er þessi breyting tilkomin til að rétta hlut þeirra starfsmanna sem verða fyrir hefðbundinni læknisfræðilegri varanlegri örorku af völdum annarra slysa en þeirra sem heyra undir framangreindar vátryggingar, enda njóta hinir síðarnefndu bótaréttar úr lögboðinni ökutækjetryggingu. Með þessari breytingu gefst jafnframt svigrúm til að hækka tryggingarfjárhæðir samkvæmt skilmálum reglnanna.



Bókun 4

Faxaflóahafnir sf. afhenda stéttarfélaginu upplýsingar um grunnröðun starfsmanna og viðbótarlaunaflokka viðkomandi stéttarfélags m.v. 1. febrúar ár hvert.

Bókun 5

Samningsaðilar munu fylgjast með uppbyggingu starfsendurhæfingar og þróunar á sviði vinnuverndar og heilbrigðisþjónustu, sem miðar að því með aukinni virkni, endurhæfingu og öðrum úrræðum að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku.

Því verður því beint til stjórnenda að brugðist verði við veikindum með lausnamiðuðum hætti og að starfsmönnum bjóðist viðeigandi úrræði sem fyrst þannig að draga megí úr fjarveru vegna veikinda. Lögð verður áhersla á að starfsmenn hafi möguleika á að semja um að koma til baka eftir langvarandi fjarveru vegna veikinda eða slysa í samræmi við vinnugetu sína á hverjum tíma.

Þá eru samningsaðilar sammála um mikilvægi þess að starfsmenn eigi kost á ákveðnum sveigjanleika þegar kemur að starfslokum vegna aldurs.

Bókun 6

Samningsaðilar eru sammála um að skoða á samningstímanum hvort og með hvaða hætti megí breyta uppbyggingu launatöflu

Bókun 7

Samningsaðilar eru sammála um að skoða hvort og með hvaða hætti meta skuli styttri námskeið sem nýtast í starfi til launa. Vinnu þessari verði lokið fyrir 31. október 2016.

Komist samningsaðilar að samkomulagi um ofangreint er gert ráð fyrir að slíkar breytingar geti haft í för með sér viðbótarkostnað. Faxaflóahafnir sf. og Efling eru sammála um að á fyrri hluta árs 2016 verði farið í sérstaka greiningu á fræðsluþörf félagsmanna Eflingar hjá Faxaflóahöfnum. Faxaflóahafnir sf. munu vegna þess nýta sér verkefnið "Fræðslustjóri að láni".

Fylgiskjal I með samkomulagi
Faxaflóahafna sf.
og
Eflingar
13. nóvember 2015

Lágmarkslaun fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri, sem starfað hafa fjóra mánuði samfelld hjá Reykjavíkurborg:

Frá 1. maí 2015.....	245.000 kr.
Frá 1. júní 2016	260.000 kr.
Frá 1. júní 2017	280.000 kr.
Frá 1. júní 2018	300.000 kr.

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum fjárhæðum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar álags-, aukagreiðslur og yfirvinna, sem fellur til innan ofangreinds vinnutíma.

Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.



1.mai.15

	< 20 ára	20 ára	25 ára	30 ára	35 ára
300	216.332	222.072	227.984	234.074	240.346
301	219.202	225.028	231.029	237.210	243.576
302	222.115	228.028	234.119	240.393	246.855
303	225.072	231.074	237.256	243.624	250.183
304	228.073	234.165	240.440	246.903	253.560
305	231.119	237.302	243.672	250.232	256.989
306	234.211	240.487	246.952	253.610	260.468
307	237.349	243.719	250.281	257.039	264.000
308	240.534	247.000	253.660	260.520	267.586
309	243.767	250.330	257.090	264.053	271.224
310	247.049	253.710	260.571	267.638	274.918
311	250.379	257.141	264.105	271.278	278.666
312	253.760	260.623	267.692	274.972	282.471
313	257.191	264.157	271.332	278.722	286.333
314	260.674	267.745	275.027	282.528	290.253
315	264.209	271.386	278.777	286.391	294.232
316	267.798	275.081	282.584	290.311	298.271
317	271.440	278.833	286.448	294.291	302.370
318	275.136	282.640	290.369	298.330	306.530
319	278.888	286.505	294.350	302.430	310.753
320	282.696	290.427	298.390	306.592	315.040
321	286.562	294.409	302.491	310.816	319.390
322	290.485	298.450	306.653	315.103	323.806
323	294.468	302.552	310.878	319.455	328.288
324	298.510	306.715	315.166	323.871	332.838
325	302.612	310.941	319.519	328.354	337.455
326	306.776	315.230	323.937	332.905	342.142
327	311.003	319.583	328.421	337.523	346.899
328	315.293	324.002	332.972	342.211	351.886
329	319.648	328.487	337.592	346.969	357.164
330	324.067	333.039	342.280	351.962	362.521
331	328.553	337.660	347.040	357.242	367.959
332	333.107	342.350	352.039	362.600	373.478
333	337.728	347.110	357.320	368.039	379.081
334	342.419	352.116	362.680	373.560	384.767
335	347.180	357.398	368.120	379.163	390.538
336	352.193	362.759	373.642	384.851	396.396
337	357.476	368.200	379.246	390.624	402.342
338	362.838	373.723	384.935	396.483	408.378
339	368.281	379.329	390.709	402.430	414.503
340	373.805	385.019	396.570	408.467	420.721
341	379.412	390.794	402.518	414.594	427.032
342	385.103	396.656	408.556	420.813	433.437
343	390.880	402.606	414.684	427.125	439.939
344	396.743	408.645	420.905	433.532	446.538
345	402.694	414.775	427.218	440.035	453.236
346	408.734	420.996	433.626	446.635	460.034

347	414.865	427.311	440.131	453.335	466.935
348	421.088	433.721	446.733	460.135	473.939
349	427.405	440.227	453.434	467.037	481.048
350	433.816	446.830	460.235	474.042	488.264
351	440.323	453.533	467.139	481.153	495.588
352	446.928	460.336	474.146	488.370	503.021
353	453.632	467.241	481.258	495.696	510.567
354	460.436	474.249	488.477	503.131	518.225
355	467.343	481.363	495.804	510.678	525.999
356	474.353	488.584	503.241	518.338	533.889
357	481.468	495.912	510.790	526.113	541.897
358	488.690	503.351	518.452	534.005	550.025
359	496.021	510.901	526.228	542.015	558.276
360	503.461	518.565	534.122	550.145	566.650
361	511.013	526.343	542.134	558.398	575.150
362	518.678	534.238	550.266	566.774	583.777
363	526.458	542.252	558.520	575.275	592.533
364	534.355	550.386	566.897	583.904	601.421
365	542.371	558.642	575.401	592.663	610.443
366	550.506	567.021	584.032	601.553	619.599
367	558.764	575.527	592.792	610.576	628.893
368	567.145	584.159	601.684	619.735	638.327
369	575.652	592.922	610.710	629.031	647.902
370	584.287	601.816	619.870	638.466	657.620
371	593.051	610.843	629.168	648.043	667.485
372	601.947	620.006	638.606	657.764	677.497
373	610.976	629.306	648.185	667.630	687.659
374	620.141	638.745	657.908	677.645	697.974
375	629.443	648.326	667.776	687.809	708.444
376	638.885	658.051	677.793	698.127	719.070
377	648.468	667.922	687.960	708.599	729.856
378	658.195	677.941	698.279	719.227	740.804
379	668.068	688.110	708.753	730.016	751.916
380	678.089	698.432	719.385	740.966	763.195
381	688.260	708.908	730.175	752.081	774.643
382	698.584	719.542	741.128	763.362	786.263
383	709.063	730.335	752.245	774.812	798.057
384	719.699	741.290	763.529	786.434	810.027
385	730.494	752.409	774.982	798.231	822.178

1.jún.16

	< 20 ára	20 ára	25 ára	30 ára	35 ára
300	229.312	235.396	241.663	248.118	254.767
301	232.354	238.530	244.891	251.442	258.191
302	235.442	241.710	248.166	254.816	261.666
303	238.576	244.938	251.491	258.241	265.193
304	241.757	248.215	254.866	261.717	268.774
305	244.986	251.541	258.292	265.246	272.408
306	248.263	254.916	261.769	268.827	276.097
307	251.590	258.342	265.298	272.462	279.841
308	254.966	261.820	268.880	276.151	283.641
309	258.393	265.350	272.515	279.896	287.498
310	261.872	268.933	276.206	283.697	291.413
311	265.402	272.569	279.951	287.555	295.386
312	268.986	276.260	283.753	291.471	299.420
313	272.623	280.007	287.612	295.445	303.513
314	276.315	283.809	291.528	299.479	307.669
315	280.062	287.669	295.504	303.574	311.886
316	283.865	291.586	299.539	307.730	316.167
317	287.726	295.563	303.635	311.949	320.512
318	291.644	299.599	307.792	316.230	324.922
319	295.621	303.695	312.011	320.576	329.399
320	299.658	307.853	316.294	324.987	333.942
321	303.756	312.073	320.640	329.465	338.554
322	307.914	316.357	325.053	334.009	343.234
323	312.136	320.705	329.531	338.622	347.985
324	316.420	325.118	334.076	343.304	352.808
325	320.769	329.597	338.690	348.056	357.702
326	325.183	334.144	343.373	352.879	362.670
327	329.663	338.758	348.126	357.775	367.713
328	334.211	343.442	352.950	362.744	372.999
329	338.826	348.196	357.847	367.787	378.594
330	343.511	353.022	362.817	373.080	384.273
331	348.266	357.919	367.862	378.676	390.037
332	353.093	362.891	373.162	384.356	395.887
333	357.992	367.937	378.759	390.122	401.825
334	362.964	373.243	384.440	395.974	407.853
335	368.011	378.842	390.207	401.913	413.971
336	373.325	384.524	396.060	407.942	420.180
337	378.925	390.292	402.001	414.061	426.483
338	384.608	396.147	408.031	420.272	432.880
339	390.378	402.089	414.152	426.576	439.373
340	396.233	408.120	420.364	432.975	445.964
341	402.177	414.242	426.669	439.469	452.653
342	408.209	420.456	433.069	446.061	459.443
343	414.332	426.762	439.565	452.752	466.335
344	420.547	433.164	446.159	459.544	473.330
345	426.856	439.661	452.851	466.437	480.430
346	433.259	446.256	459.644	473.433	487.636

347	439.757	452.950	466.539	480.535	494.951
348	446.354	459.744	473.537	487.743	502.375
349	453.049	466.641	480.640	495.059	509.911
350	459.845	473.640	487.849	502.485	517.559
351	466.742	480.745	495.167	510.022	525.323
352	473.744	487.956	502.595	517.672	533.203
353	480.850	495.275	510.134	525.438	541.201
354	488.063	502.704	517.786	533.319	549.319
355	495.383	510.245	525.552	541.319	557.558
356	502.814	517.899	533.436	549.439	565.922
357	510.356	525.667	541.437	557.680	574.411
358	518.012	533.552	549.559	566.045	583.027
359	525.782	541.555	557.802	574.536	591.772
360	533.669	549.679	566.169	583.154	600.649
361	541.674	557.924	574.662	591.901	609.659
362	549.799	566.293	583.282	600.780	618.803
363	558.046	574.787	592.031	609.792	628.085
364	566.416	583.409	600.911	618.939	637.507
365	574.913	592.160	609.925	628.223	647.069
366	583.536	601.043	619.074	637.646	656.775
367	592.289	610.058	628.360	647.211	666.627
368	601.174	619.209	637.785	656.919	676.626
369	610.191	628.497	647.352	666.773	686.776
370	619.344	637.925	657.062	676.774	697.077
371	628.634	647.493	666.918	686.926	707.534
372	638.064	657.206	676.922	697.230	718.147
373	647.635	667.064	687.076	707.688	728.919
374	657.349	677.070	697.382	718.303	739.853
375	667.210	687.226	707.843	729.078	750.950
376	677.218	697.534	718.460	740.014	762.215
377	687.376	707.997	729.237	751.114	773.648
378	697.687	718.617	740.176	762.381	785.253
379	708.152	729.397	751.279	773.817	797.031
380	718.774	740.338	762.548	785.424	808.987
381	729.556	751.443	773.986	797.205	821.122
382	740.499	762.714	785.596	809.164	833.438
383	751.607	774.155	797.380	821.301	845.940
384	762.881	785.767	809.340	833.621	858.629
385	774.324	797.554	821.480	846.125	871.509